*X. VIÐAUKI*

# ALMENN ÞJÓNUSTA

**{[1]}**

**Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 36. gr.**

*INNGANGUR*

Þegar gerðirnar, sem vísað er til í þessum viðauka, fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar, sem er sérkennandi fyrir réttarreglur Bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsor,
- viðtakendur gerða Bandalagsins,
- vísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,
- vísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum, og
- vísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gildir ákvæði bókunar 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

*GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL*

1. **32006L0123** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 76, 27.12.2006, bls. 36).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „reglur sáttmálans“ í 3. mgr. 3. gr. komi orðin „reglur EES-samningsins“.

b) Í stað orðanna „50. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 4. gr. komi orðin „37. gr. EES-samningsins“.

c) Í stað orðanna „48. gr. sáttmálans“ í 2. og 3. mgr. 4. gr. komi orðin „34. gr. EES-samningsins“.

d) Í stað orðanna „43. gr. sáttmálans“ í 5. mgr. 4. gr. komi orðin „31. gr. EES-samningsins“.

e) Ákvæði 8. mgr. 4. gr. hljóði svo:

„brýnir almannahagsmunir“ merkir, með fyrirvara um ákvæði 6. gr. EES-samningsins, hagsmunir sem eru viðurkenndir sem slíkir í dómaframkvæmd Dómstólsins, þ.m.t. eftirfarandi: allsherjarregla, almannaöryggi, lýðheilsa, varðveisla fjárhagslegs jafnvægis almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, viðtakenda þjónustu og starfsmanna, sanngirni í viðskiptum, barátta gegn svikum, vernd umhverfisins og þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum,“.

f) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein 7. mgr. 15. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um tilkynningar, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við d-lið í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýs-ingar sem berast frá framkvæmdastjórninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt upplýsa fastanefndina um tilkynningar sem berast frá EFTA-ríkjunum.“

g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 21. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um nöfn, póstföng og þess háttar, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við a-lið í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni.“

{[1]} **Fyrirsögn, inngangstexta og lið var bætt við með ákvörðun nr. 45/2009 (Stjtíð. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 23 og EES-viðbætir nr. 33, 25.6.2009, bls. 8), gildistaka 1.5.2010.**

h) Ákvæði d-liðar í 1. mgr. 22. gr. taka ekki til EFTA-ríkjanna.

i) Eftirfarandi bætist við í 8. mgr. 28. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar skal Eftirlitsstofnun EFTA hafa það með höndum að upplýsa þau með reglulegu millibili um framkvæmd ákvæða um gagnkvæma aðstoð.“

j) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 39. gr.:

„Með fyrirvara um ákvæði d-liðar í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórnin framsenda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslur, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins, til dreifingar hjá EFTA-ríkjunum, og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda upplýsingar, sem berast frá EFTA-ríki, öðrum EFTA-ríkjum, fastanefnd EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórninni, til dreifingar hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum um athugasemdir sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar.“

k) Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 39. gr.:

„EFTA-ríkjunum er einnig heimilt að leggja fram skýrslur og athugasemdir í nefndinni.“

l) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 5. mgr. 39. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um skilyrði, sem tilkynnt eru af hálfu aðildarríkja Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar, í samræmi við d-lið í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt upplýsa fastanefndina um skilyrði sem tilkynnt eru af hálfu EFTA-ríkjanna.“

1a.{[2]} **32009D0739** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB frá 2. október 2009 um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 76, 7.10.2009, bls. 32).

1b.{[3]} **32009D0767** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18, eins og henni var breytt með:

-{[4]} **32010D0425** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/425/ESB frá 28. júlí 2010 (Stjtíð. ESB L 199, 31.7.2010, bls. 30),

-{[5]} **32013R0519** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2013 frá 21. febrúar 2013 ( Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 74),

-{[6]} **32013D0662** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/662/ESB frá 14. október 2013 (Stjtíð. ESB L 306, 16.11.2013, bls. 21).

1c.{[7]} **32011D0130** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB frá 25. febrúar 2011 um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB nr. L 53, 26.2.2011, bls. 66), eins og henni var breytt með:

-{[8]} **32014D0148** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/148/ESB frá 17. mars 2014 (Stjtíð. ESB L 80, 19.3.2014, bls. 7), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 69.

---

{[2]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 86/2010 (Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 40 og EES-viðbætir nr. 59, 21.10.2010, bls. 9), gildistaka 3.7.2010.**

{[3]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2010 (Stjtíð. ESB L 277, 16.12.2010, bls. 52 og EES-viðbætir nr. 70, 16.12.2010, bls. 9), gildistaka 1.11.2011.**

{[4]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 97/2011 (Stjtíð. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 35 og EES-viðbætir nr. 65, 1.12.2011, bls. 7), gildistaka 1.5.2012.**

{[5]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 159/2014 (Stjtíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 87 og EES-viðbætir nr. 5, 22.1.2015, bls. 10), gildistöku er beðið. Hún kemur til framkvæmda frá 9.7.2014.**

{[6]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 189/2014 (Stjtíð. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 41 og EES-viðbætir nr. 43, 30.7.2015, bls. 41), gildistaka 26.9.2014.**

{[7]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 21/2012 (Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 27 og EES-viðbætir nr. 34, 21.6.2012, bls. 32), gildistaka 11.2.2012.**

{[8]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 280/2014 (Stjtíð. ESB L 311, 26.11.2015, bls. 33 og EES-viðbætir nr. 71, 26.11.2015, bls. 32), gildistaka 13.12.2014.**

2. {[9]} **32011L0024** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar ber að hafa í huga að eftirtaldar gerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:

a) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 frá 14. maí 2003 um að láta ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra,

b) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1231/2010 frá 24. nóvember 2010 um að láta ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra.

Um allar tilvísanir til þessara gerða gildir því að þær varða ekki EFTA-ríkin.

2a.{[10]} **32012L0052** - Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/52/ESB frá 20. desember 2012 um ráðstafanir til að auðvelda viðurkenningu á lyfseðlum sem eru gefnir út í öðru aðildarríki (Stjtíð. ESB L 356, 22.12.2012, bls. 68).

2b.{[11]} **32013D0329** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júní 2013 um reglur varðandi stofnun, stjórnun og gagnsæjan rekstur netkerfis landsbundinna yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni (Stjtíð. ESB L 76, 27.6.2013, bls. 71).

2c.{[12]} **32014D0286** - Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/286/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk tilvísunarnet og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast evrópsku tilvísunarneti, verða að uppfylla (Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 71).

2d.{[13]} **32014D0287** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau (Stjtíð. ESB nr. L 147, 17.5.2014, bls. 79), eins og henni var breytt með:

- **-{[14]}** **32019D1269** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1269 frá 26. júlí 2019 (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2019, bls. 35).

2e.{[15]} **32020D0534** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/534 frá 16. apríl 2020 um að fresta meðferð umsókna um aðild að fyrirliggjandi evrópskum tilvísunarnetum (Stjtíð. ESB L 119, 17.4.2020, bls. 18).

2f.{[16]} **32019D1765** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2019/1765 frá 22. október 2019 um reglur varðandi stofnun, stjórnun og rekstur netkerfis landsbundinna yfirvalda sem bera ábyrgð á rafrænni heilbrigðisþjónustu og um niðurfellingu framkvæmdarákvörðunar 2011/890/ESB (Stjtíð. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 83), eins og henni var breytt með:

- **-{[17]}** **32020D1023** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1023 frá 15. júlí 2020 (Stjtíð. ESB L 227I, 16.7.2020, bls. 1).

3.{[18]} **32012R1024** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (Stjtíð. ESB nr. L 316, 14.11.2012, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **-{[19]}** **32014L0060** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 24.

---

{[9]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 153/2010 (Stjtíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 78 og EES-viðbætir nr. 5, 22.1.2015, bls. 11), gildistaka 1.8.2015.**

{[10]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 153/2014 (Stjtíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 78 og EES-viðbætir nr. 5, 22.1.2015, bls. 11), gildistaka 1.8.2015.**

{[11]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 226/2014 (Stjtíð. ESB L 230, 3.9.2015, bls. 29 og EES-viðbætir nr. 52, 3.9.2015, bls. 29), gildistaka 1.11.2014.**

{[12]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 281/2014 (Stjtíð. ESB L 311, 26.11.2015, bls. 34 og EES-viðbætir nr. 71, 26.11.2015, bls. 33), gildistaka 1.8.2015.**

{[13]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 281/2014 (Stjtíð. ESB L 311, 26.11.2015, bls. 34 og EES-viðbætir nr. 71, 26.11.2015, bls. 33), gildistaka 1.8.2015.**

{[14]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 134/2020 (Stjtíð. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 33 og EES-viðbætir nr. 52, 6.7.2023, bls. 32), gildistaka 26.9.2020.**

{[15]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 134/2020 (Stjtíð. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 33 og EES-viðbætir nr. 52, 6.7.2023, bls. 32), gildistaka 26.9.2020.**

{[16]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr 102/2023 (Stjtíð. ESB L, 2023/02256, 9.11.2023 og EES-viðbætir nr. 81, 9.11.2023, bls. 49), gildistaka 29.4.2023.**

{[17]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 103/2023 (Stjtíð. ESB L, 2023/02290, 9.11.2023 og EES-viðbætir nr. 81, 9.11.2023, bls. 50), gildistaka 29.4.2023.**

{[18]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 102/2015 (Stjtíð. ESB L 211, 4.8.2016, bls. 55 og EES-viðbætir nr. 42, 4.8.2016, bls. 53), gildistaka 1.7.2016.**

{[19]} **Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 121/2016 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætir nr. [verður birt síðar]), gildistaka 1.7.2017.**

-{[20]} **32013L0055** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 132),

-{[21]} **32014L0067** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtíð. ESB L 76, 28.5.2014, bls. 11),

-{[22]} **32016R1628** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 (Stjtíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 29,

-{[23]} **32020R1055** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 (Stjtíð. ESB L 249, 31.7.2020, bls. 17),

-{[24]} **32020L1057** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1057 frá 15. júlí 2020 (Stjtíð. ESB L 249, 31.7.2020, bls. 49),

-{[25]} **32018R1724** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ komi orðin „a- til d-liðar 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins“.

b) Í stað orðsins „Sambandsgerðir“ komi orðin „Sambandsgerðir sem hafa verið felldar inn í EESsamninginn“.“

c){[26]} Í annarri mgr. 5. gr.:

i) í b-lið, koma orðin „EES-samningsins“ í stað orðanna „löggjafar Sambandsins“,

ii) í g-lið, er orðunum „„Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin.

d){[27]} Í 4. mgr. 9. gr. er orðunum „ Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „Framkvæmdastjórnin“

3a.{[28]} **32014D0089** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/89/ESB frá 14. febrúar 2014 um tilraunaverkefni til að framkvæma skuldbindingar um samvinnu á sviði stjórnsýslu, eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (Stjtíð. ESB L 45, 15.2.2014, bls. 36).

4.{[29]} **32018R0302** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/302 frá 28. febrúar 2018 um ráðstafanir gegn óréttmætum landfræðilegum takmörkunum á netumferð og annarri mismunun sem byggist á því hvert þjóðerni viðskiptavinar er, hvar hann er búsettur eða hvar hann hefur staðfestu á innri markaðnum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2006/2004 og (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB (Stjtíð. ESB L 60I, 2.3.2018, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. ESB L 66, 8.3.2018, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 6. mgr. 1. gr. gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

b) Í 17. mgr. 2. gr. koma orðin „37. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.

c) Í 3. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 4. gr. koma orðin „EES-samningnum“ í stað orðanna „lögum Sambandsins“.

d) Í 4. mgr. 4. gr. koma orðin „sérstakra innlendra reglna fyrir lítil fyrirtæki“ í stað orðanna „ákvæða 1. kafla í XII. bálki tilskipunar 2006/112/EB“ að því er varðar EFTA-ríkin.

e) Í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. koma orðin „53. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.

---

{[20]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 94/2017 (Stjtíð. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 52 og EES-viðbætir nr. 11, 7.2.2019, bls. 62), gildistaka 1.1.2019.**

{[21]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 215/2018 (Stjtíð. ESB L 105, 25.3.2021, bls. 11 og EES-viðbætir nr. 21, 25.3.2021, bls. 11), gildistaka 1.1.2020.**

{[22]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 39/2020 (Stjtíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætir nr. [verður birt síðar]), gildistaka 1.8.2020.**

{[23]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 77/2022 (Stjtíð. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 63) og EES-viðbætir nr. 45, 7.7.2022, bls. 51), gildistaka 1.8.2023.**

{[24]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 188/2020 (Stjtíð. ESB L 267, 13.10.2022, bls. 38 og EES-viðbætir nr. 66, 13.10.2022, bls. 37), gildistöku er beðið.**

{[25]} **Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 333/2022 (Stjtíð. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 75 og EES-viðbætir nr. 48, 29.6.2023, bls. 72), gildistöku er beðið.**

{[26]} **Aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 333/2022 (Stjtíð. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 75 og EES-viðbætir nr. 48, 29.6.2023, bls. 72), gildistöku er beðið.**

{[27]} **Aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 333/2022 (Stjtíð. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 75 og EES-viðbætir nr. 48, 29.6.2023, bls. 72), gildistöku er beðið.**

{[28]} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 103/2015 (Stjtíð. ESB L 211, 4.8.2016, bls. 57 og EES-viðbætir nr. 42, 4.8.2016, bls. 55), gildistaka 1.7.2016.**

{[29]} **Liðnum og aðlögunartexta var bætt við með ákvörðun nr. 311/2019 (Stjtíð. ESB L 68, 5.3.2020, bls. 65 og EES-viðbætir nr. 14, 5.3.2020, bls. 72), gildistaka 1.8.2020.**

f) Ákvæði 2. mgr. 11. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

i) „2. mars 2018“ orðast „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2019 frá 13. desember 2019“,

ii) „23. mars 2020“ orðast „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2019 frá 13. desember 2019“.

5.{30} **32018R1724** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1):

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Skilja ber vísanir til löggjafar Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.

b) Í 1. mgr. 1. gr. koma orðin „a- til d-liðar 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU)“.

c) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 5. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin virkja tenglana, sbr. 1. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

d) Í 4. mgr. 6. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.

e) Í 4. mgr. 7. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin virkja tenglana, sbr. 3. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

f) Í 17. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„4. Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin aftengja upplýsingarnar, málsmeðferðina, aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum tímabundið, sbr. d-lið 2. mgr. eða aftengja aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum, sbr. 3. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

g) Í 3. mgr. og 4. mgr. 25. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

h) Í 29. gr. er orðunum „og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“.

i) Í I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „viðeigandi löggjöf“ í stað orðanna „tollalögum Sambandsins“.“

5a.{31} **32020R1121** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1121 frá 29. júlí 2020 um söfnun og miðlun á tölfræðilegum upplýsingum um notendur og endurgjöf varðandi þjónustu sameiginlegu stafrænu gáttarinnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 (Stjtíð. ESB L 245, 30.7.2020, bls. 3).

*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*

1.{32} **32013H0461** - Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/461/ESB frá 17. september 2013 um meginreglur varðandi SOLVIT (Stjtíð. ESB L 249, 19.9.2013, bls. 10).

---

{30} **Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 333/2022 (Stjtíð. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 75 og EES-viðbætir nr. 48, 29.6.2023, bls. 72), gildistöku er beðið.**

{31} **Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 334/2022 (Stjtíð. ESB L 164, 29.6.2023, bls. 78 og EES-viðbætir nr. 48, 29.6.2023, bls. 75), gildistöku er beðið.**

{32} **Liðnum og fyrirsögninni „Gerðir *sem samningsaðilar skulu taka mið af*“ var bætt við með ákvörðun nr. 241/2016 (Stjtíð. ESB L 215, 23.8.2018, bls. 40 og EES-viðbætir nr. 56, 23.8.2018, bls. 48), gildistaka 3.12.2016.**